

Skipulagsstofnun  
Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 26. september 2018  
UST201809-131/B.S.  
10.05.08

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Einbúavirkjun í Skjálfandafljóti. Tillaga að matsáætlun. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 5. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu.

Umhverfisstofnun telur að í tillögunni sé gerð fullnægjandi grein fyrir framkvæmdinni miðað við hvar á ferli hönnunar virkjunin er stödd. Ítarlega er fjallað um þá umhverfisþætti sem matið á að taka til.

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi frekari grein fyrir hvers vegna ekki var unnt að nota pípur í stað veituskurða. En líklegt má teljast að skurðirnir verði nokkuð áberandi. Því telur Umhverfisstofnun að gera ætti sérstaklega grein fyrir hvernig gengið verði frá uppmokstri úr skurðum þannig að sjónræn áhrif skurðanna verði sem minnst með hliðsjón af því að uppmokstur getur verið sprengigrjót að stórum hluta sem erfiðara getur verið að koma vel fyrir í landi þar sem mannvirkin verða nærri þjóðvegi. Annars gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu.

Virðingarfyllst

  
Björn Steinhólmsson  
Sérfræðingur

  
Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur